

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas hf. bikstöð Hafnarfirði



Dags eftirlits	19.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Colas hf. bikstöð	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Óseyrarbraut 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður B. Björnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar rekstur nýs geymis sem byggður hefur verið við stöðina. Rekstraraðili fékk undanþágu til reksturs nýja geymisins til 1. janúar 2021, eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Starfsleyfið hefur enn ekki verið gefið út og því er reksturs nýja geymisins án starfsleyfis. Tvær ábendingar voru settar fram er varða verklagsreglur um löndun biks og skráningar á skoðun olíuskilju.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu fráviks
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Eitt frávik kom fram við óvenjubundið eftirlit á síðasta ári er farið var í vegna fjölda kvartana sem barst eftirlitsaðila vegna lyktar frá starfsemi. Rekstraraðili skal tryggja að ekki séu efni til staðar sem aukið geti mengunarhættu, þ.m.t. óæskilega lykt. Rekstraraðili hefur nú keypt inn annað malbik og vonir standa til að það sé ekki eins lyktarsterkt og það sem kom á síðasta ári. Unnið er eftir samþykktri úrbótaáætlun. Ein ábending var sett fram í síðasta eftirliti er varðar gæði hráefnis í vinnslu malbiks.

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Umfang starfseminnar er óbreytt frá síðasta eftirliti. Skipt hefur verið um birgja við innkaup á biki og gerð krafa um að lyktarsterkt bik komi ekki stöðina. Einnig eru fyrirhugaðar breytingar á afgreiðsluplani stöðvarinnar, að það verði fært bakatil í stöðinni. Undirbúningur er hafinn að þeim framkvæmdum en gert ráð fyrir að það taki um tvö ár að vinna það. Rekstraraðili er minntur á að hafa í huga að sækja um breytingu á starfsleyfi varðandi þessa framkvæmd í tíma, komi til þess að þörf sé á því.

Mælingar voru gerðar á olú og svifögnum í frárennsli þann 4. desember sl. og voru gildi olú innan marka starfsleyfis en ekki eru viðmiðunarmörk fyrir gildi svifagna. Minnt er á að skv. gr. 2.4 í starfsleyfi skal virkni olíuskilja yfirfarin á a.m.k. sex manaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Skiljurnar eru þjónustaðar eftir þörfum en ekki með reglulegu millibili og skráningar ekki til staðar þar um.

Öll niðurföll á plani eru tengd olíuskilju og vegna staðsetningar stöðvarinnar er einstefnuloki frá olíuskilju í frárennsli.

Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er vistuð á rafrænu svæði rekstraraðila og sameiginleg með malbikunarstöðinni á Gullhelli.

Góð úrgangsflokkun er í stöðinni og gott utanumhald þar um. Allir starfsmenn hafa aðgang að uppfærðum öryggisblöðum í farsímum sínum í gegnum rafrænt kerfi rekstraraðila, skv. gr. 2.8 í starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur gilda ISO14001 vottun til 24. apríl 2023 og starfar skv. henni. Starfsmenn fá reglulega þjálfun í meðferð hættulegra efna, a.m.k. á þriggja ára fresti og er haldið utanum þær skráningar hjá

starfsmannastjóra.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hún er snyrtileg á að líta og hlið og girðingar í lagi. Töluvert hefur safnast upp af efnabömbum inni á plani/lekaþró stöðvarinnar og bent er á að farga þurfi þeim með viðeigandi hætti séu þeir ekki í notkun í tengslum við vinnslu í stöðinni. Ekki var mikla lykt að finna á stöðinni er eftirlitið fór fram.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Nýr 3.700m ³ geymir hefur verið tekinn til notkunar í stöðinni. Rekstraraðili fékk undanþágu til reksturs nýja geymisins til 1. janúar 2021, eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Starfsleyfið hefur enn ekki verið gefið út og því er reksturs nýja geymisins án starfsleyfis.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram í eftirlitinu varðandi það að verklagsreglur um löndun biks þarf að skýra og setja í skjal sem aðgengilegt er starfsmönnum á starfsstöð. Einnig er sett fram ábending um að setja þarf upp betra plan um reglulega skoðun á olíuskilju skv. gr. 2.4 í starfsleyfi.

ANNAD

70 kvartanir hafa borist eftirlitsaðila varðandi starfsemina, frá því í ágúst 2020 og tengjast þær allar lykt. Unnið er skv. úrbótaáætlun varðandi það. Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá síðasta eftirliti.

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 31. desember 2030, en sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi til stækkunar bikstöðvarinnar, fyrir byggingu nýs 3.700m³ geymis sem bætist við fyrri starfsemi. Rekstraraðili fékk undanþágu til reksturs nýja geymisins til 1. janúar 2021, eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Starfsleyfið hefur enn ekki verið gefið út og því er reksturs nýja geymisins án starfsleyfis. Rekstraraðila er bent á að sækja aftur um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Viðstaddir eftirlitið voru fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Hafnafjarðar og - Kópavogs og Gunnar Erlingsson.

Reykjavík, 21.04.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir

